



Steingerður Ólafsdóttir

## Smábörnin með snjalltækin

### Aðgangur barnanna og viðhorf foreldra

► Um höfund ► Efnisorð

Miðlanotkun spannar sjónvarpsáhorf, tölvuleiki, netnotkun og snjalltækjanotkun. Í ljósi tækniþróunar er mikilvægt að rannsaka miðlanotkun barna allt niður í nokkurra mánaða aldur en það hefur ekki verið gert á Íslandi hingað til. Markmið rannsóknarinnar sem hér er lýst var að gefa yfirlit yfir miðlanotkun barna á Íslandi á aldrinum 0–8 ára og viðhorf foreldra til notkunarinnar. Hér er um fyrsta yfirlit að ræða. Tekið var lagskipt, handahófskennt úrtak 2000 barna á þessum aldri af öllu landinu úr Þjóðskrá, netföng fundust hjá foreldrum 1448 barna (72,4%) og óskað var eftir að þeir svöruðu rafrænum spurningalista að fyrirmynd Sænsku fjölmiðlanefndarinnar. Gild svör bárust frá foreldrum 860 barna sem er 59,4% þátttökuhlutfall en vegna affalla í upphafi er ekki hægt að líta svo á að niðurstöður hafi alhæfingargildi. Niðurstöðurnar gefa þó nokkurt yfirlit, en þær benda til þess að þegar fimm ára aldrir hefur verið náð aukist líkur á að börnin eigi sín eigin tæki til miðlanotkunar, sérstaklega spjaldtölvur. Hins vegar deila börn oft snjalltækjum með öðrum í fjölskyldunni, t.a.m. er því svo farið með 62% barna í aldurshópnum 2–4 ára en í þessum aldurshópi notar 71% spjaldtölvu einhvern tíma. Allra yngstu börnin (0–1 árs) nota netið að nokkru marki (4% daglega) en um 80% þess aldurshóps nota netið aldrei. Foreldrar eru oft með börnunum við miðlanotkun en samveran minnkar með hækkandi aldri barnanna. Sjónvarpsáhorf er algeng miðlanotkun meðal 5–8 ára og reglur foreldra eru rýmri um hana en aðra notkun. Sumir foreldrar hafa engar reglur um miðlanotkun en mikill meirihluti þeirra telur að foreldrar beri mesta ábyrgð þegar kemur að því að vernda börn við miðlanotkun. Niðurstöður eru nokkuð í samræmi við niðurstöður úr rannsóknum Sænsku fjölmiðlanefndarinnar. Taka má undir niðurstöður fyrri rannsókna um að samvera foreldra og barna við miðlanotkun sé mikilvæg og draga má þá ályktun að foreldrar viðurkenni mikilvægt hlutverk sitt þegar kemur að miðlanotkun barna.

► About the author ► Key words

#### Young children's media use and parents' attitudes

The need has grown for research on the media use of the youngest children with the ever increasing role of internet connected devices in the daily lives of people during the last years. Smartphones and tablets have become common and the tablets are preferred by little fingers. The aim of this study was to provide an overview of the media use of 0-to-8-year-olds in Iceland and their parents' attitudes towards the use and various aspects of it.

A stratified, random sample of 2000 children in this age span from the whole country was the basis for the study. E-mail addresses were found for parents of 1448 children and they were contacted with an introductory letter and a request to fill in a web

questionnaire based on the Swedish Media Council's questionnaire used since 2010 (Statistics Sweden, 2015). The response rate of those who received the questionnaire was 59.4%, with 860 valid responses.

The results suggest that the likelihood of ownership of different devices for media use is higher from the age of 5. This is evident in the case of smartphones and tablets, as a quarter of 5-8y have their own smartphone and/or a tablet. In the age group 2-4y, 10% have their own tablet but 62% share such a device with others in the family, and 56% of 0-1y share a tablet with others in their family. The tablet is most often used for listening to music and watching videos and films. In the age group 0-1y, one third uses the tablet at some point. In the age group 2-4y, this percentage is 71%, and 92% in the age group 5-8y.

The most popular activity is watching a movie or a TV show, as over 90% of 2-8y do that at some point, and 62% of 0-1y. Three quarters of the youngest children (0-1y) never use the internet but 4% in this age group use it daily. A small percentage of the children are heavy users according to the definition of the Swedish Media Council of using a medium for three hours or more daily. Two percent of 5-8y play computer games for three or more hours daily and 2% of 2-4y use the internet for three or more hours daily.

The children's parents quite often stay with the children when they use different media. The parents' presence seems to decrease with age as parents of 60% of the children in the youngest age group (0-1y) are present when their children watch TV shows or films, while the corresponding percentage for 2-4y is 48% and for 5-8y 28%. Watching TV/films is a popular media use for children 5-8y and parents' rules on this are not as strict as for other media use. Some parents have no rules on media use but a large majority believes that parents are responsible for protecting children regarding media use.

The results of this study are quite similar to those from Sweden (Swedish Media Council). The conclusion strengthens results from previous studies on the importance of parents and children being together using media and that parents seem to accept their important role regarding their children's media use.

## Inngangur

Miðlanotkun barna og unglunga hefur verið áberandi í samfélagsumræðu undanfarinna ára. Áherslan hefur verið á hættu tengda notkuninni en lítið sem ekkert er að finna af upplýsingum um það hve mikil notkunin er í hópi yngstu barnanna. Hættan sem kann að vera af mikilli notkun er því óljós en einnig þarf að horfa til hugsanlegra jákvæðra hliða á miðlanotkun ungra barna. Miðlanotkun er vítt hugtak og spannar sjónvarpsáhorf, tölvuleiki, netnotkun og snjalltækjanotkun. Yngstu börnin nota miðla á einhvern hátt, líkt og eldri börn, unglingar og fullorðnir. Miðlanotkun foreldra er einnig mikilvæg, færni þeirra og þau sem fyrirmyndir, en hér verður sjónum beint að viðhorfum foreldra til miðlanotkunar barnanna.

Rannsóknir á miðlanotkun barna eru viðfangsefni sem þarf að fylgja tækni- og samfélagsþróun. Á aðeins örfáum árum hefur tækniþróunin orðið sú að spjaldtölvur og snjallsímar eru nú á færi yngstu barnanna og línuleg dagskrá sjónvarpsstöðva virðist heyra fortíðinni til meðal yngra fólks. Snjalltækjavæðingin hófst á fyrsta áratug 21. aldar þegar snjallsímar og svo spjaldtölvur komu á markað. Upp úr 2010 hafa snjalltækin orðið almenningsseign og svo virðist sem spjaldtölvur séu sérstaklega vinsælar meðal barnafjölskyldna. Erlendar rannsóknir sýna að spjaldtölvurnar eru notaðar af æ yngri börnum (Sænska fjölmiðlanefndin, 2010, 2013, 2015, 2017) og eru vinsælasta tækið (Chaudron, 2015) enda henta stórir snertiskjáir vel fyrir litla fingur og höfða til barna (Mercant, 2015, O'Connor, 2017, bls. 87).

Sjónvarpsáhorf hefur lengi verið ein vinsælasta dægradvöl barna. Með tilkomu snjalltækja er hægt að horfa á sjónvarpsþætti og kvikmyndir hvar sem er en líka nota snjalltækin til leikja og gagnvirkra athafna. Netnotkun og sjónvarpsáhorf barna á Íslandi hefur dálítið verið rannsakað en gögn um yngsta aldurshópinn (0–8 ára) eru ekki til á Íslandi fyrir utan fáeinar vísbendingar. Fjölmíðlarannsóknir á Íslandi taka til einstaklinga 12 ára og eldri eða jafnvel 16 ára og eldri en nýjustu netnotkunarkannanir á vegum SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) ná niður í 4. bekk grunnskóla, þ.e. 9–10 ára (Capacent Gallup, 2013). Íslenska langtímarannsóknin Börn og sjónvarp á Íslandi nær til 10–15 ára barna og hefur verið gerð reglulega á vegum Þorbjörns Broddasonar prófessors frá árinu 1968 en tekur ekki til yngri barna. Netnotkun og sjónvarpsáhorf barna á Íslandi hefur verið rannsakað nokkuð með þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á borð við EUKidsOnline (9–16 ára) og Health behaviour of school children, HBSC, (11–16 ára). Gögn um netnotkun yngsta aldurshópsins eru ekki til á Íslandi fyrir utan vísbendingar sem fram koma í netnotkunarkönnun SAFT, þar sem m.a. er spurt hversu gömul börnin voru þegar þau notuðu netið í fyrsta sinn (Jóna Karen Sverrisdóttir, Ólafur Elínarson og Sarah Knappe, 2013). Í ljós kom að flest svöruðu 5–6 ára (32%) og 7–8 ára (30%). Tæp 12% voru 3–4 ára og 2% yngri en þriggja ára þegar þau notuðu netið í fyrsta sinn. Ítarlegri niðurstaðna er þörf á þessu sviði um aldurshópinn 0–8 ára.

Í nágrannalöndunum eru nú hafnar reglulegar rannsóknir á miðlanotkun yngstu barnanna. T.a.m. sýndi bresk rannsókn á miðlanotkun 0–5 ára barna að fjórðungur átti sína eigin spjaldtölvu og rannsókn í sex Evrópulöndum (Chaudron, 2015) leiddi í ljós að 6–7 ára börn nota stafræna miðla daglega. Í Svíþjóð er nú hægt að bera saman tölur um yngstu börnin á frá 2010 til 2016 en á þessu tímabili hafa verið gefnar út fjórar skýrslur með niðurstöðum spurningakannana sem beint var til foreldra barna á aldrinum 0–8 ára (sú fyrsta þó 2–8 ára) og snerist um fjölmíðlanotkun þeirra (Sænska fjölmíðlanefndin, 2017, 2015, 2013, 2010). Tækniþróunin er ör og til merkis um það er að árið 2010 notuðu 7% sænskra unglinga farsímamann til að fara á netið en árið 2015 var hlutfallið komið upp í 96% í sama aldurshópi (Sænska fjölmíðlanefndin, 2015). Niðurstöðurnar sýna einnig að meirihluti sænskra barna hefur farið á netið um þriggja ára aldurinn, 21% þriggja ára barna fór á netið daglega árið 2016 en 2% árið 2010 (Sænska fjölmíðlanefndin 2017). Sams konar rannsóknir eru gerðar á hinum Norðurlöndunum.

Fjölmíðlar geta vísast haft ýmiss konar áhrif á notendur, jákvæð og neikvæð. Áhrif skjánotkunar á heilsu og vellíðan barna og unglinga hafa talsvert verið rannsökuð, bæði er varðar innihald þess sem horft er á eða notað, en einnig lengd skjátímans og hefur þá verið horft til kyrrsetunnar og hugsanlegrar hættu sem henni getur tengst. Miðlanotkun hefur breyst á síðustu árum, frá því að vera aðallega sjónvarpsáhorf yfir í fjölbreyttari miðlanotkun þar sem notandinn er virkari. Rætt hefur verið og ritað um hugsanleg áhrif miðlanotkunar á málnotkun (Eiríkur Rögnvaldsson, 2016; Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016), matarvenjur og holdafar (Steingerður Ólafsdóttir, Eiben o.fl., 2014; Steingerður Ólafsdóttir, Berg o.fl., 2014) og einnig tengslamyndun foreldra og barna. O'Connor (2017, bls. 90–92) lýsir tvenns konar orðræðu um ung börn og tækni, annars vegar gegn miðlanotkun barna og hins vegar fylgjandi henni. Samkvæmt þeirri fyrrnefndu er takmörkun á skjátíma og miðlanotkun mikilvæg fyrir vernd og velferð barna (sjá t.d. Radesky, Silverstein, Zuckerman og Christakis, 2014 og fleiri faraldsfræðilegar rannsóknir á sambandi skjátíma og mismunandi mælikvarða á heilsufar). Síðarnefnda orðræðan einblínir á tækifæri og gagn af miðlanotkun barna; foreldrar eigi að hvetja börn sín til að nýta stafræna tækni og efla þau þannig fyrir áskoranir framtíðarinnar (sjá til dæmis Vittrup, Snider, Rose og Rippey, 2016). Mikið af rannsóknum sem tengjast börnum og fjölmíðlum hefur einmitt snúist um hættuna af fjölmíðlanotkun, hvaða áhrif notkunin getur haft og hvernig foreldrar geta takmarkað notkunina eða dregið úr áhrifum hennar, m.a. með því að auka miðlalæsi barnanna. Þetta hafa Livingstone og félagar (2017) m.a. bent á en jafnframt að slíkt nægi ekki til að mæta væntingum um miðlanotkun í tengslum við nám, starf, samskipti og samfélagsþátttöku barnanna í framtíðinni. Til þurfi að koma það sem kalla má virkjandi aðkomu foreldra (e. *enabling mediation*), þ.e. eftirlit og stýring með tækni en einnig virk aðkoma foreldra að miðlanotkun í formi samveru og samtals. Þetta skiptir mestu máli varðandi netnotkun, þar sem krafist er meiri virkni þar en við sjónvarpsáhorf (Livingstone o.fl., 2017).

Niðurstöður rannsókna á áhrifum miðlanotkunar á börn eru ekki ótvíræðar. Frægar eru ályktanir Schramm, Lyle og Parker (1961) af rannsóknum þeirra á sjónvarpsáhorfi barna í Bandaríkjunum:

Fyrir sum börn, undir sumum kringumstæðum, er sumt sjónvarpsefni skaðlegt. Fyrir önnur börn, undir sömu kringumstæðum, eða fyrir sömu börn undir öðrum kringumstæðum, getur það verið gagnlegt. Fyrir flest börn, undir flestum kringumstæðum, er flest sjónvarpsefni líklega hvorki sérstaklega skaðlegt né sérstaklega gagnlegt.

(Schramm o.fl., 1961, bls. 1).

Þessar ályktanir endurspeglar flókið samband á milli sjónvarpsáhorfs (sem einnar tegundar fjölmiðlanotkunar) og hegðunar barna eða heilsu, eins og margar rannsóknir hafa síðan snúist um. Margt er þarna að verki, til dæmis fjölskyldugerð, aldur barna, efnið sjálft og hegðun foreldra. Enn má horfa til ályktana Schramm og féлага frá árdögum sjónvarpsrannsókna, nú þegar snjalltækjavæðingin er hafin og nettenging orðin almenn hvar og hvenær sem er. Á e.t.v. það sama við um sjónvarpsefnið þá og annað efni sem verður á vegi barna í mismunandi miðlum nú?

Bandarísku barnalæknasamtökin (American Academy of Pediatrics, AAP) gefa reglulega útlímæli til foreldra um miðlanotkun barna. Hvað varðar samfélagsmiðla eru tilmælin einmitt í takt við yfir hálfir aldar gamlar ályktanir Schramm og féлага, en AAP telja að möguleg áhrif notkunarinnar séu margþætt og velti á hverju einstöku barni, en auk þess tegund miðils og hvernig og hversu mikil notkunin sé (Chassiakos, Radesky, Christakis, Moreno og Cross, 2016). Einnig er mælt til þess að foreldrar átti sig á eigin hlutverki sem fyrirmynda í því að ná jafnvægi á milli miðlanotkunar og annarra athafna. AAP hafa hingað til ráðlagt foreldrum barna yngri en tveggja ára að forðast skjánotkun barnanna og að takmarka skjá tíma barna eldri en tveggja ára við tvær klukkustundir á dag. Í pistli í fréttabréfi AAP (Brown, Shifrin og Hill, 2015) kemur fram að stefna samtakanna þurfi að breytast í takt við það að „skjá tími“ sé nú einfaldlega orðinn „tími“ og leggja þurfi meiri áherslu á hlutverk foreldra sem fyrirmynda, að innihald efnisins skipti máli, að foreldrar taki þátt í fjölmiðlanotkun barna sinna en einnig að þeir setji mörk. Stefna og tilmæli sem sett voru fram árið 2016 snúast m.a. um að yngri en 18–24 mánaða börnum ætti að halda frá stafrænum miðlum öðrum en myndsimtölum; ef foreldrar vilja kynna stafræna miðla fyrir 18–24 mánaða börnum sínum ættu þeir að velja hágæða efni og forðast að láta börnin ein við miðlanotkun (American Academy of Pediatrics, 2016). Fyrir börn á aldrinum 2–5 ára ætti að takmarka skjánotkun við eina klukkustund á dag af hágæðaeefni og vera með börnunum. Auk þess er hvatt til þess að slökkva á tækjum þegar þau eru ekki í notkun, gera svefnherbergi, máltíðir og leikstundir skjáfrjár fyrir bæði foreldra og börn, sleppa skjánotkun klukkustund fyrir háttatíma og forðast að nota miðla sem einu leiðina til að róa barnið.

Rannsakendur hafa hvatt til þess að viðhorf foreldra til miðlanotkunar barna séu könnuð en þau eru mikilvæg þar sem foreldrar hafa mest um miðlanotkun á heimilinu að segja (O'Connor, 2017, bls. 96), ekki síst hjá allra yngstu börnunum sem verja langmestum tíma sínum með foreldrunum. Samkvæmt nýjustu niðurstöðum úr könnun Sænsku fjölmiðlanefndarinnar hafa áhyggjur foreldra af því að börnin geti komist í snertingu við óæskilegt efni á netinu aukist, en mjög fáir hafa orðið fyrir því í raun (Sænska fjölmiðlanefndin, 2017). Samkvæmt breskri rannsókn á miðlanotkun 0–5 ára barna (Marsh o.fl., 2015) eru foreldrar með í meirihluta af miðlanotkun barnanna og rannsóknir annars staðar í Evrópu hafa sýnt að foreldrar líta jákvæðum augum á stafræna tækni en um leið er lítið á hana sem áskorun (Chaudron, 2015).

Livingstone, Mascheroni og Staksrud (2015) hafa mælt með því að rannsóknir á miðlanotkun barna nái einnig til yngstu barnanna en þar er ekki um auðugan garð að gresja enn sem komið er, og er rannsóknin sem hér er lýst sú fyrsta á Íslandi. Í takt við þetta er markmið rannsóknarinnar að gefa yfirlit yfir miðlanotkun barna á Íslandi á aldrinum 0–8 ára og viðhorf foreldra til notkunarinnar.

## Aðferð

Könnunin sem hér er gerð grein fyrir er gerð að fyrirmynd könnunar Sænsku fjölmiðlanefndarinnar (Statistics Sweden, 2015, Sænska fjölmiðlanefndin, 2015), með leyfi hennar. Ætlunin er að könnunin verði einnig regluleg hér á landi svo hægt verði að veita upplýsingar um hugsanlegar breytingar á miðlanotkun barna.

Lagskipt (eftir aldri, kyni og búsetu), handahófskennt úrtak 2000 barna á aldrinum 0–8 ára var tekið úr Þjóðskrá í september 2016. Könnunin var tilkynnt til Persónuverndar (nr. S7958). Haft var samband við skólaskrifstofur eða leikskóla/skóla í öllum þeim sveitarfélögum þar sem börn

lentu í úrtakinu, til að komast í samband við foreldra þeirra og biðja þá að svara rafrænum spurningalista. Sérstakt samstarf var við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um framkvæmd könnunarinnar og var hún send út úr forritinu QuestionPro.

Tvö stór sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu tóku ekki þátt (359 börn). Þá fundust ekki netföng hjá foreldrum 193 barna um allt land. Endanlegur fjöldi þeirra sem fékk listann sendan var því 1448. Sökum affalla af upphaflegu úrtaki er ekki hægt að yfirfæra niðurstöður á landið allt eins og upphaflega var ætlunin. Mögulega eru þau sveitarfélög sem ekki tóku þátt ólík öðrum sveitarfélögum en þó má gera ráð fyrir að samsetning íbúa höfuðborgarsvæðisins sé ekki mjög ólík frá einu sveitarfélagi til annars. Hins vegar getur verið að foreldrar þeirra 193 barna sem ekki fengu listann í hendur séu ólíkir þeim foreldrum sem fengu listann, til dæmis að þeir séu ekki með netfang, skilji ekki íslensku eða séu að öðru leyti í minni tengslum við skóla eða samfélag. Þetta hefur vissulega í för með sér hættu á skekkju í niðurstöðum sem vert er að taka alvarlega. Að lokum bárust gild svör frá foreldrum 860 barna. Ljóst er að þetta hlutfall af upphaflegu úrtaki er einungis 43% en lítið er svo á að þátttökuhlutfall sé 59,4%, þ.e. fjöldi svara sem hlutfall af þeim fjölda einstaklinga sem fékk spurningalistann sendan. Þátttökuhlutfall var lægst 50,2% hjá foreldrum 0–4 ára barna í sveitarfélögum utan Reykjavíkur en hæst 67% hjá foreldrum 5–8 ára barna í sveitarfélögum utan Reykjavíkur. Hlutfallið meðal foreldra yngri barnanna í Reykjavík var 60,6% og meðal eldri barnanna 61,2%.

Unnið var að söfnun netfanga utan Reykjavíkur haustið 2016 og var könnunin send út á tíma-bilinu 7. desember 2016 til 17. apríl 2017. Úrvinnsla stóð yfir sumarið 2017. Gögnin voru notuð til að gefa yfirlit yfir miðlanotkun barna á aldrinum 0–8 ára á Íslandi. Í þessari grein er einungis um lýsandi tölfræði að ræða, eftir þremur aldurshópum, 0–1 árs, 2–4 ára og 5–8 ára. Í nokkrum tilvikum er fjallað um kynjamun.

## Niðurstöður

Gild svör bárust fyrir 860 börn, ívið fleiri stráka (52,4%) en stelpur, sérstaklega í hópi allra yngstu barnanna (0–1 árs) þar sem svör voru í 62% tilfella fyrir stráka. Sjá töflu 1 um aldursdreifingu kynjanna. Um 80% svarenda voru mæður, 20% feður. Yfir helmingur foreldra hafði lokið háskóla-prófi (57% þátttakenda í hópi foreldra 0–4 ára barna og 63% í hópi foreldra 5–8 ára barna). Flestir foreldrar yngri barnanna voru á aldrinum 31–35 ára en algengast var að foreldrar 5–8 ára barnanna væru 41 árs eða eldri.

Tafla 1 – Kynja- og aldursdreifing						
Aldurshópur	Strákar		Stelpur		Alls	
	n	(%)	n	(%)	n	(%)
0-1 árs	65	(15)	40	(10)	105	(12)
2-4 ára	152	(34)	144	(36)	296	(35)
5-8 ára	231	(52)	219	(54)	450	(53)
<b>Aldursár</b>						
<i>0–1 árs</i>						
0 ára	15	(3)	7	(2)	22	(3)
1 árs	50	(11)	33	(8)	83	(10)
<i>2–4 ára</i>						
2 ára	49	(11)	48	(12)	97	(11)
3 ára	50	(11)	44	(11)	94	(11)
4 ára	53	(12)	52	(13)	105	(12)
<i>5–8 ára</i>						
5 ára	49	(11)	49	(12)	98	(14)
6 ára	64	(14)	67	(17)	131	(15)
7 ára	63	(14)	54	(13)	117	(14)
8 ára	55	(12)	49	(12)	104	(12)
<b>Samtals</b>	<b>448</b>	<b>(100)</b>	<b>403</b>	<b>(100)</b>	<b>851</b>	<b>(100)</b>



Fjöldi var nokkuð jafn á hverju aldursári að undanskildum allra yngsta hópnunum (0 ára) en hlutfallslega fæstir voru í úrtakinu í þessum hópi þar sem úrtakið var gert að hausti 2016 og einungis börn fædd 2016 tilheyrðu hópnunum. Rúmur helmingur úrtaksins var á aldrinum 5–8 ára og því voru færri í hinum tveimur aldurshópnunum sem tölfræði greinarinnar sýnir. Hæst hlutfall einbirna er meðal barna í yngsta aldurshópnunum (39%) en meirihluti þessa aldurshóps á þó eldri systkini (53%). Meirihluti aldurshópsins 5–8 ára á eldri systkini (56%) en samsvarandi hlutfall hjá 2–4 ára er 47%.


## Tækja- og miðlanotkun barnanna

Þegar fimm ára aldri hefur verið náð aukast líkur á að börnin eigi sín eigin tæki til miðlanotkunar. Þetta sést greinilega þegar snjalltækin eru skoðuð, þ.e. snjallsímar eða spjaldtölvur. Um fjórðungur barna á aldrinum 5–8 ára á snjallsíma (24%) og/eða spjaldtölvu (27%). Í aldurshópnunum 2–4 ára eiga 10% sína eigin spjaldtölvu en snjallsímaeign mælist ekki í þessum aldurshópi. Sé horft til svara við spurningunni hvort barnið deili þessum tækjum með öðrum í fjölskyldunni kemur í ljós að hlutfallið er 62% fyrir spjaldtölvur í aldurshópnunum 2–4 ára og 56% meðal allra yngstu barnanna. Sjá töflu 2.

**Tafla 2 – Tæki til miðlanotkunar**


	0–1 árs		2–4 ára		5–8 ára	
	Fjöldi	(%)	Fjöldi	(%)	Fjöldi	(%)
<b>Tölva</b>						
Já, sitt eigið	0	(0)	3	(1)	14	(3)
Já, með öðrum í fjölskyldunni	33	(33)	132	(47)	326	(73)
Nei	67	(67)	148	(52)	108	(24)
<b>Spjaldtölva</b>						
Já, sitt eigið	0	(0)	28	(10)	119	(27)
Já, með öðrum í fjölskyldunni	55	(56)	177	(61)	269	(60)
Nei	44	(44)	84	(29)	59	(13)
<b>Netið</b>						
Já, sitt eigið	0	(0)	5	(2)	22	(5)
Já, með öðrum í fjölskyldunni	46	(47)	180	(64)	374	(84)
Nei	51	(53)	98	(35)	50	(11)
<b>Farsími, ekki snjallsími</b>						
Já, sitt eigið	0	(0)	1	(0)	35	(8)
Já, með öðrum í fjölskyldunni	3	(3)	11	(4)	27	(6)
Nei	92	(97)	264	(96)	358	(85)
<b>Snjallsími með snertiskjá</b>						
Já, sitt eigið	0	(0)	1	(0)	109	(24)
Já, með öðrum í fjölskyldunni	56	(57)	157	(54)	145	(33)
Nei	43	(43)	133	(46)	192	(43)
<b>Sjónvarp</b>						
Já, sitt eigið	0	(0)	6	(2)	40	(9)
Já, með öðrum í fjölskyldunni	95	(91)	286	(96)	409	(90)
Nei	9	(9)	5	(2)	3	(1)
<b>Leikjatölva</b>						
Já, sitt eigið	0	(0)	0	(0)	37	(8)
Já, með öðrum í fjölskyldunni	12	(12)	45	(16)	206	(47)
Nei	85	(88)	235	(84)	198	(45)

Myndir 1 og 2 lýsa því hve oft og hve lengi börnin gera ýmislegt í frítíma sínum, þar með talin er notkun ýmissa miðla og snjalltækja. Mikill meirihluti allra aldurshópa (93–96%) er með fjölskyldunni í frítímanum eða eftir skóla eins og sést á mynd 1. Yfir helmingur allra aldurshópa les bækur eða blöð og má gera ráð fyrir aðstoð foreldra við yngri börnin. Þegar kemur að miðlanotkun er vinsælast að horfa á mynd eða þátt, en 48% 2–4 ára barnanna gerir það á hverjum degi, en um þriðjungur hinna aldurshópanna. Allra yngstu börnin nota netið að nokkru marki (11% nokkrum sinnum í viku eða oftar, þar af 4% daglega) og verður að ætla að foreldrarir fari á netið með börnunum hvort sem það er til að taka þátt í myndsimtali, skoða myndbönd eða annað. Í hópi foreldra 0–1 árs svara 80% að netnotkun komi aldrei fyrir eða eigi ekki við. Í hópi 2–4 ára notar 41% netið nokkrum sinnum í viku eða oftar (þar af 13% daglega) en 68% í hópnum 5–8 ára nota netið nokkrum sinnum í viku eða oftar (þar af 27% daglega), sjá mynd 1. Ekki er kynjamunur á miðlanotkun yngri aldurshópsins (0–4 ára) en marktækan munur má finna á strákum og stelpum þegar kemur að því að spila leiki í tölvu eða spjaldtölvu; það gera strákarnir oftar.




Mynd 1. Hve OFT gerir barnið þetta í frítímanum?

Lítill hluti barnanna fellur í flokk stórnotenda samkvæmt skilgreiningu sænsku fjölmiðlanefndarinnar, sem einnig er notuð hér (Sænska fjölmiðlanefndin, 2015), þ.e. nota tiltekinn miðil þrjár klukkustundir á dag eða meira. Þannig spila 2% hópsins 5–8 ára tölvuleiki í þrjár klukkustundir á dag eða meira og 5% nota netið í samsvarandi tíma, þar af 1% í fimm klukkustundir á dag eða meira. Tvö prósent 2–4 ára barna nota netið í þrjár klukkustundir á dag eða meira og 4% horfa á mynd eða þátt í samsvarandi tíma, sjá mynd 2. Á mynd 2b sést dagleg notkun hvers aldursárs fyrir sig á mismunandi miðlum en hafa ber í huga að fáir einstaklingar liggja að baki hlutfallstölunum, sérstaklega meðal allra yngstu barnanna. Myndin sýnir að daglegur lestur bóka og blaða er algengur og algengari en öll önnur dagleg miðlanotkun nema áhorf á kvikmyndir og þætti, sérstaklega í aldursþópnum 3–5 ára (hafa ber í huga að sumir gætu svarað því sem börnin gera sjálf en aðrir því sem foreldrarir gera með þeim, líkt og að lesa fyrir þau). Dagleg notkun spjaldtölvu við að spila leiki fer ekki hærra en 20% innan aldursárs og er það hjá elstu börnunum, en dagleg netnotkun er algengari hjá öllum aldursþópum. Notkun farsíma virðist aukast eftir sex ára aldur. Hér sést greinilega að erfitt getur verið að aðgreina mismunandi miðla og að netnotkun getur verið hluti af annari miðlanotkun (horfa á þætti á netinu og spila leiki á netinu í spjaldtölvunni).




Mynd 2. Hve LENGI gerir barnið þitt þetta í frítímanum?






Mynd 2b. Dagleg notkun mismunandi miðla á hverju aldursári (%).

Meirihluti allra barna horfir einhvern tíma á kvikmyndir eða sjónvarpsþætti, samkvæmt svari við spurningunni „Horfir barnið á kvikmyndir eða sjónvarpsþætti?“ Þetta gera yfir 90% 2–8 ára barna en 62% í allra yngsta aldurshópnum (sjá mynd 3). Svo getur virst sem mismunandi spurningar mæli það sama og gætir stundum misræmis, t.d. þegar 25% foreldra allra yngstu barnanna svara því til um lengd áhorfs barnanna að þau horfi aldrei á mynd eða þátt eða að spurningin eigi ekki við. Eftir standa 75% sem horfa einhvern tíma á mynd eða þátt, allt frá undir einni klukkustund á dag og upp í yfir þrjár klukkustundir (sjá mynd 2) og er það ekki í samræmi við 62% sem einhvern tíma horfa á myndir eða þætti. Gera má ráð fyrir því að svör foreldra séu ekki alltaf samræmd á milli spurninga og skilningur þeirra á spurningum sé mismunandi að einhverju leyti og á þetta við um könnunina í heild. Vinsælasti þátturinn af þeim sem voru nefndir er Hvolpasveit hjá bæði eldri og yngri aldurshópi. Hjá eldri aldurshópnum kemur Svampur Sveinsson næst og í þriðja sæti Stundin okkar. Hjá yngri aldurshópnum koma þættirnir Úmísúmi og Dótalæknir á eftir Hvolpasveit. Um þrjú fjórðu barna í aldurshópnum 5–8 ára nota netið, nær helmingur barna á aldrinum 2–4 ára en um 13% allra yngstu barnanna (sjá mynd 3). YouTube er langvinsælasta vefsíðan hjá öllum aldurshópnum.



**Mynd 3. Horfir barnið á myndir eða þætti og notar barnið netið eða tölvu/spjaldtölvu?**

Allir aldurshópar nota tölvu eða spjaldtölvu að einhverju marki. Mikill meirihluti elstu barnanna (5–8 ára) notar tölvu/spjaldtölvu (92%) og 71% hópsins 2–4 ára. Um þriðjungur allra yngstu barnanna notar tölvu/spjaldtölvu (sjá mynd 3). Algengast er að börnin noti tölvu/spjaldtölvu til að hlusta á tónlist, horfa á myndbönd og sjónvarpsþætti. Sjá mynd 4, þar sem neðstu atriðin eiga aðeins við 5–8 ára aldurshópinn.




Mynd 4. Hversu oft gerir barnið þetta í tölvunni/spjaldtölvunni?

### Viðhorf og aðkoma foreldra

Foreldrar eru oft með börnunum þegar þau horfa á þætti eða myndir. Þannig eru foreldrar 60% 0–1 árs barnanna alltaf eða oft með við þær aðstæður. Sama hlutfall fyrir 2–4 ára er 48% og fyrir 5–8 ára er hlutfallið 28% (sjá mynd 5). Eins og sést á myndinni eiga spurningarnar oft ekki við um börnin, og þá sérstaklega ekki þau allra yngstu. Dæmi um það er spurningin um hversu oft foreldrar séu með börnunum þegar þau nota netið, sem á ekki við í 78% tilvika um börnin á aldrinum 0–1 árs. Þannig virðast um 22% barna á þessum aldri fara á netið og þar af eru foreldrar alltaf eða oft með í um 16% tilvika en í um 7% tilvika sjaldan eða aldrei. Hlutfallið hér er því annað en í spurningunni um það hvort barnið noti netið (mynd 3) og má velta fyrir sér hvort sumir þeirra sem svörðu spurningunni um það hvort þeir væru með börnunum þegar þau notuðu netið hafi talið að einnig væri átt við það þegar barnið væri með við netnotkun foreldris, þ.e. að barnið væri


Í kjölfertinu á meðan foreldrið skoðaði vefsíður. Notkun virðist aukast með aldri og foreldrar eru í meira mæli með yngri börnunum við miðlanotkun en í eldri hópnum.



Mynd 5. Hve oft eru foreldrar með barninu við mismunandi miðlanotkun?

Mikill meirihluti foreldra telur eitthvað af innihaldi sjónvarpsþátta, kvikmynda, tölvuleikja eða efnis á netinu geta valdið börnum skaða. Fleiri meðal foreldra eldri barnanna meta það svo eða 86%, en 76–78% foreldra yngri barnanna. Einungis 7% af þeim sem svara fyrir 5–8 ára börn telja miðla-innihald ekki geta valdið börnum skaða. Þegar börnum líður illa og þegar dýr þjást, er oftast nefnt þegar spurt er hvað börnin hræðist, verði leið eða döpur af að sjá í sjónvarpsþáttum, kvikmyndum, tölvuleikjum eða á netinu. Þetta á við um börn 2–8 ára, en hægt var að velja fleiri en einn möguleika. Gera má ráð fyrir að allra yngstu börnin horfi sjaldan á efni af þessu tagi enda er algengast að svarið við spurningunni fyrir þann aldurshóp sé „ekkert“.


Þegar spurt er hvort eitthvað af innihaldi sjónvarpsþátta, kvikmynda, tölvuleikja eða á netinu sé þannig að foreldrar vilji ekki að barnið sjái það kemur í ljós að klám, hryllingsmyndir, ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi er oftast nefnt í öllum aldurshópum (hægt var að velja fleiri en einn möguleika, sjá mynd 6). Spurt var um áhyggjur foreldra eldri barnanna af því að barnið yrði fyrir einhverju neikvæðu á netinu og hægt var að velja fleiri en einn möguleika (ekki sýnt á mynd). Þar var algengast að foreldrar nefndu klám. Frekar óvenjulegt var að barnið hefði orðið fyrir einhverju af því sem mögulegt var að velja en 81,5% svöruðu að ekkert af því hefði komið fyrir barnið. Þó höfðu 5% komist í snertingu við klám á netinu og 6% sögðu að barnið hefði orðið félagslega einangrað (ekki sýnt á mynd).




**Mynd 6. Er eitthvað í sjónvarpsþáttum, kvikmyndum, tölvuleikjum eða á netinu sem þú vilt ekki að barnið þitt sjái?**

Foreldrar voru beðnir að leggja mat á hversu sammála eða ósammála þeir væru ýmsum staðhæfingum varðandi börnin og netið, leiki í tölvu eða spjaldtölvu og kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Afstaða þeirra til kvikmynda og sjónvarpsþátta virtist vera jákvæðari en gagnvart netinu og leikjum í tölvu eða spjaldtölvu. Þegar tölur fyrir allan aldur voru teknar saman kom í ljós að 93% foreldra voru alveg eða frekar sammála því að tölvuleikir gætu verið ávanabindandi og 88% alveg eða frekar sammála því að leikirnir gætu tekið tíma frá mikilvægari athöfnum. Hlutföll fyrir sömu staðhæfingar varðandi kvikmyndir og sjónvarpsþætti voru 82% í báðum tilvikum. Aftur á móti voru 90% foreldra frekar eða alveg sammála því að kvikmyndir og sjónvarpsefni gæti verið skemmtilegt og afslappandi fyrir barnið en sama hlutfall fyrir tölvuleiki var 74% og 70% fyrir netið (sjá myndir 7–9).

Smábörnin með snjalltækin: Aðgangur barnanna og viðhorf foreldra




Mynd 7. Staðhæfingar um kvikmyndir og sjónvarp.



Mynd 8. Staðhæfingar um leiki í tölvu og spjaldtölvu.






Mynd 9. Staðhæfingar um netið.

Greinilegt er að sjónvarp eða áhorf á myndir eða sjónvarpsþætti er með algengari miðlanotkun meðal 5–8 ára barna og reglur virðast vera rýmri um hana en aðra miðlanotkun. Ellefu prósent 5–8 ára barna mega nota minna en 30 mínútur á dag á virkum dögum til að horfa á mynd eða sjónvarpsþætti. Tíu prósent mega nota meira en eina og hálf klukkustund á dag á virkum dögum og hjá 16% eru engar reglur um það hve mikinn tíma má nota og gæti þýtt annaðhvort skemmri eða lengri tíma hjá þeim hópi í raun. Um þriðjungur barnanna má nota minna en 30 mínútur eða engan tíma til að spila leiki í spjaldtölvu eða tölvu, 8% mega spila eina og hálf klukkustund eða lengur en hjá 13% eru engar reglur. Yfir helmingur má ekki nota netið eða ekki lengur en 30 mínútur á dag á virkum dögum og tveir þriðju mega ekki nota farsímann eða ekki lengur en 30 mínútur á dag á virkum dögum.

Foreldrar 5–8 ára barna mátu tímann sem barnið varði í ýmsa miðlanotkun. Þriðjungur þátttakenda mat það svo að barnið verði of miklum tíma í tölvuleiki en 1% að barnið verði til þess of litlum tíma. Á hinn bóginn taldi 1% þátttakenda að barnið verði of miklum tíma í bækur/tímarit en 42% að barnið verði of litlum tíma í lesturinn. Foreldrar töldu ýmsar spurningar ekki eiga við um barnið, t.d. virðast um og yfir 60% ekki nota farsíma eða samfélagsmiðla, eða a.m.k. töldu foreldrarnir það ekki eiga við að svara spurningum um slíkt fyrir barn sitt.


Foreldrar 5–8 ára barna mátu getu barns síns til mismunandi aðgerða á netinu en spurningunum var ætlað að meta færni á netinu, t.d. að búa til efni, leita að efni og meta það. Í ljós kom að í flestum tilvikum svörðu foreldrar að nefnd færni ætti ekki við, t.d. töldu 79% það ekki eiga við um barn sitt hvort það gæti lokað á fólk (blokkerað) á samfélagsmiðlum og má skilja sem svo að barnið noti ekki samfélagsmiðla. Um eitt prósent taldi að þessi geta væri frekar eða mjög mikil en um 18% að hún væri frekar eða mjög lítil. Um 64% töldu að ekki ætti við að spyrja hvort barnið gæti fengist við óþægileg skilaboð sem aðrir hefðu sent en um þriðjungur taldi það ekki eiga við hvort barnið gæti fengist við óþægileg myndbönd sem það sæi á netinu. Getu barnanna til að fást við óþægileg skilaboð eða myndir var almennt talin frekar eða mjög lítil. Sjá mynd 10.

Smábörnin með snjalltækin: Aðgangur barnanna og viðhorf foreldra




Mynd 10. Geta 5–8 ára barna til ýmiss konar miðlanotkunar.

Netið og tölvuleikir skera sig úr þegar spurt er hvernig samfélagið verndi börn þegar þau nota mismunandi miðla. Þannig finnst um og yfir 70% svarenda samfélagið vernda börn nokkuð eða mjög illa þegar þau nota netið og um 47% finnst það sama um tölvuleiki þegar um 2–8 ára börn er að ræða. Hlutföllin fyrir allra yngstu börnin eru enn hærri eða 78% þegar um netið er að ræða og 62% varðandi tölvuleiki. Sjá mynd 11.



Mynd 11. Hvernig finnst foreldrum samfélagið vernda börn við notkun mismunandi miðla?

Svarendur telja foreldra bera mesta ábyrgð þegar kemur að því að vernda börn og unglinga við notkun mismunandi miðla en 94% töldu ábyrgð foreldra mjög mikla í þessu sambandi, í öllum aldurshópum. Þar næst komu skólinn og svo yfirvöld í gegnum upplýsingagjöf, sjá mynd 12.



Mynd 12. Viðhorf foreldra til ábyrgðar mismunandi aðila á að vernda börn við miðlanotkun.

Hér hefur verið gefið yfirlit yfir miðlanotkun ungra barna, aðgang þeirra að tækjum og viðhorf foreldra til notkunarinnar og hugsanlegrar aðkomu þeirra. Í ljós kom að miðlanotkun er meiri á meðal eldri barna en yngri og þarf það ekki að koma á óvart þar sem þroski barna eykst með aldrinum og þar með möguleikar þeirra á að ráða við fjölbreyttari tæki. Meirihluti barnanna horfir á sjónvarpsþætti eða kvikmyndir og allir aldurshópar nota einhvern tíma tölvu eða spjaldtölvu. Lítil hluti barnanna fellur þó í flokk stórnotenda snjalltækja (yfir þrjár klukkustundir á dag).

## Umræða

Þetta er fyrsta rannsóknin sem gerð er á miðlanotkun í þessum aldurshópi á Íslandi og ekki er enn hægt að bera saman notkun milli ára. Nú notar um þriðjungur 0–1 árs barna spjaldtölvu og yfir helmingur (56%) þessa aldurshóps hefur aðgang að spjaldtölvu. Enginn í þessum aldurshópi á eigin spjaldtölvu en tölurnar gefa til kynna að notkunin hefjist fyrr en eignarhaldið segir til um. Það má gera því skóna að hlutfall þeirra sem hafa aðgang að spjaldtölvu hafi hækkað á allra síðustu árum, líkt og sambærilegar rannsóknir hafa sýnt en í sænsku rannsókninni sem vísað hefur verið til fór hlutfall þeirra sem höfðu aðgang að spjaldtölvu (eigin eða með öðrum í fjölskyldunni) meðal þessa yngsta aldurshóps úr 25% í 55% frá árinu 2012 til 2016, en stóð í stað á milli 2014 og 2016 (Sænska fjölmiðlanefndin, 2017).

Hlutfall þeirra sem nota netið daglega eykst með hækkandi aldri og er 41% meðal átta ára barnanna. Í nágrannalandinu Svíþjóð er þetta hlutfall 49% en var 34% árið 2014 (Sænska fjölmiðlanefndin, 2017). Stórnotendur eru þeir sem nota tiltekinn miðil í þrjár klukkustundir á dag eða meira. Þeir sem skilgreindir voru sem stórnotendur áður eru meðalnotendur nú, samkvæmt nýjustu könnun Sænsku fjölmiðlanefndarinnar (2017). Hugtakið stórnotandi er því jafnvel úrelt nú á tímum handhægra snjalltækja, a.m.k. hjá eldri börnum. Öðru máli gegnir um yngstu börnin, sem eru háðari foreldrum sínum um miðlanotkun og aðrar athafnir daglegs lífs. Örfá prósent falla í flokk stórnotenda í þessari könnun og er það svipað og í Svíþjóð en stórnotendur þar fyrirfundust í öllum tegundum miðlanotkunar í nýjustu könnuninni (Sænska fjölmiðlanefndin, 2017), öfugt við síðustu könnun á undan þar sem þá var einungis að finna meðal þeirra sem horfðu á myndir

og þætti og í netnotkun í 5–8 ára hópnun (Sænska fjölmiðlanefndin, 2015). Þróunin hefur að líkindum verið svipuð hér á landi og er áhugavert að horfa til nágrannalandanna í því sambandi. Ekki kemur fram í gögnunum hvernig notkuninni er háttað, þ.e. hvort börn noti netið til að horfa á kvikmyndir eða þætti og þannig séu 3 klukkustundir daglega við hvora athöfn, netnotkun og að horfa á kvikmyndir og þætti, aðeins 3 klukkustundir samtals eða hvort miðlanotkunin nái þá samtals 6 klukkustundum. Með sítengingu nútímans er einnig erfitt að áætla tímalengd netnotkunar.

Í einhverjum skilningi er sjónvarpsáhorf enn vinsælt meðal barna. Ekki var spurt hvort horft væri á sjónvarp í línulegri dagskrá eða á sjónvarpsþætti á netinu, heldur bara hvort horft væri á mynd eða þátt. Það er með vinsælli athöfnum í öllum aldurshópunum. Þessi hluti af miðlanotkuninni er því óvirk athöfn en hluti hennar er virk athöfn, þ.e. að hendur eru notaðar á snertiskjá eða leikjatölvu, en hvort tveggja gæti þó flokkast sem kyrrseta. Á hinn bóginn má ætla að börnin séu stundum á ferðinni með tækin og að gera eitthvað annað um leið og þau eru notuð. Eðli miðlanotkunar hefur því breyst á undanförunum árum með framförum í tækniþróun, þannig að athöfn sem áður krafðist kyrrsetu, eins og að horfa á sjónvarp, krefst hennar ekki lengur nú, þegar tækin eru handhægari. Hitt er annað mál hvort innihaldið kemst til skila ef athyglinni er deilt á fleiri athafnir.

Það er greinilegt að áhorf á sjónvarp eða myndir eða sjónvarpsþætti er með algengari miðlanotkun meðal 5–8 ára og reglur rýmri um hana en aðra miðlanotkun sem er nýrri af nálinni, líkt og netnotkun. E.t.v. er hægt að draga upp sömu mynd og af bóklestri fyrr á tímum en nú er bóklestur viðurkenndur sem jákvæð athöfn. Sjónvarpsáhorf er nú orðið viðurkenndara í samfélaginu en áður. E.t.v. endurspeglast það í því að í þessari könnun telja færri að sjónvarpsáhorf geti verið ávanabindandi en tölvuleikir, sem margir foreldrar virðast hafa áhyggjur af. Vissulega hafa rannsóknir sýnt að tölvuleikir veita ákveðna vellíðan ef vel gengur, vellíðan sem sá sem spilar sækist eftir að ná aftur og aftur, líkt og Christakis bendir á í viðhorfsgrein (2014). Á hinn bóginn telur hann handhæga snertiskjái og spjaldtölvur meira í ætt við leikföng og þrautir sem krefjast einhvers af notandanum en skjái sem hvetja til kyrrsetu (Christakis, 2014). Það er í takt við rannsóknir EU Kids Online-hópsins sem bendir á að virkjandi aðkoma foreldra (Livingstone o.fl., 2017) geti búið börn undir daglegt líf á tímum netsins og handhægra snjalltækja.

Allra yngstu börnin eru með foreldrum sínum öllum stundum, en upp úr 6 mánaða aldri má ætla að dagforeldrar og leikskólar taki við stóran hluta dags og síðar grunnskólar og frístundaheimili. Eftir sem áður er heimaumhverfið og samskipti við foreldra mikilvægt í því að móta venjur barnsins. Miðlanotkun er nokkuð stór hluti af iðju barnanna í frítímanum og er netnotkun hluti hennar. Athygli vekur að hlutfall þeirra sem nota netið daglega í hópi 0–1 árs er 5%. Óljóst er hvað þessi (litli) hópur gerir á netinu en ætla verður að foreldrarir fari á netið með börnunum, hvort sem það er til að taka þátt í myndsímtali, skoða myndbönd eða annað. Foreldrar eru mikið með börnum sínum við miðlanotkun, sérstaklega yngri hópnun. Slík samvera er tækifæri til umræðna um efnið sem verður á vegi barnanna á netinu, í sjónvarpsþáttum, í leikjum eða á vefsíðum, líkt og ráðleggingar Bandarísku barnalæknasamtakanna hvetja til (American Academy of Pediatrics, 2016) og rannsóknir hafa sýnt að dragi úr hættu sem börn geta lent í á netinu en hámarki um leið gagnsemina, með virkjandi aðkomu foreldra (Livingstone o.fl., 2017).

Rannsóknir hafa bent til þess að leiðandi uppeldishættir sem einkennast af hlýju, stuðningi og skýrum mörkum geti dregið úr áhættuhegðun ungmenna á netinu (Kalmus, Blinka og Kjartan Ólafsson, 2013). Takmarkandi aðferðir eins og að banna miðlanotkun hafa reynst ágætlega til að draga úr sjónvarpsáhorfi eins og Livingstone og félagar (2017) benda á og aðrir hafa bent á að sambland virkjandi og takmarkandi aðkomu foreldra sé jákvætt (Valkenburg, Taylor Piotrowski, Hermanns og de Leeuw, 2013). Rannsókn Nikken og Schols (2015) benti til þess að það að blanda saman virkjandi og takmarkandi aðgerðum væri neikvætt frekar en jákvætt, þ.e. það gæti valdið börnum kvíða, og Livingstone og félagar (2017) tóku undir það. Þetta þarf einnig að skoða í ljósi tækniþróunar og breytinga á fjölmiðlavenjum sem hafa breyst úr óvirku sjónvarpsáhorfi yfir í virka notkun á spjaldtölvum og netinu þar sem aðkoma foreldra þarf að vera önnur en bara sú að setja reglur. Uppeldi á tímum netsins þarf að snúast um að börn verði eigin smíðir í þessum heimi líkt og Troseth, Russo og Strouse (2016) og Valkenburg o.fl. (2013) hafa bent á. Könnunin sem hér hefur verið gerð grein fyrir mælir ekki beint þessa aðkomu foreldra, né heldur uppeldishætti þeirra. Hins vegar mátu foreldrar almennt getu barna sinna til að vinna úr óþægilegum skilaboðum eða myndum á netinu frekar eða mjög litla og fannst samfélagið vernda börn illa við netnotkun. En foreldrum finnst einnig að foreldrar eigi að bera meginábyrgðina á að vernda börn við

miðlanotkun. Foreldrar gegna því mikilvægu hlutverki og virðast viðurkenna það. Það er þó óljóst hvort flokka á netið sem miðil eða eitthvað annað og meira. Einnig er óljóst hvernig samfélagið á að vernda börn fyrir því sem þau geta orðið fyrir á netinu. Foreldrar sem sjálfir búa yfir færni í að nota netið nota fremur færni sína til að efla færni, áhuga og leikni barna sinna en þeir sem ekki búa yfir færni, sem frekar takmarka netnotkun barna sinna, samkvæmt rannsókn Livingstone og félaga (2017). Rannsóknir hafa einnig sýnt að ef miðlanotkun foreldra er mikil eru líkur á að miðlanotkun barnanna sé það líka (Nikken og Schols, 2015). Börn læra það sem fyrir þeim er haft, jákvætt og neikvætt. Það virðist því vera mikilvægt að foreldrar öðlist sjálfir færni á netinu, séu jákvæðar fyrirmyndir fyrir börn sín, séu virkjandi og með börnunum við netnotkun, sem er orðin staðreynd allt niður í yngstu aldurshópna.

Styrkleikar þessarar rannsóknar eru fyrst og fremst nýnæmið, könnunin er nú lögð fyrir í fyrsta skipti hér á landi og er um nokkuð stórt úrtak að ræða þó afföll hafi orðið í upphafi. Mikil þörf er á reglulegu yfirliti sem þessu yfir miðlanotkun yngstu barnanna á Íslandi, sem og viðhorfum og aðkomu foreldra, til að hægt sé að bera hana saman við miðlanotkun ungra barna í öðrum löndum.

Helstu takmarkanir eru þær að ekki er hægt að yfirfæra niðurstöður þessarar rannsóknar á landið í heild vegna þeirra affalla sem urðu á upphaflegu úrtaki. Niðurstöðurnar gefa þó mikilvægar vísbendingar um það hvernig stöðu mála er háttað hér á landi og eru þær einnig í ágætu samræmi við niðurstöður frá Svíþjóð. Einnig má nefna að mögulega getur komið fram bjögun í niðurstöðum ef foreldrar hafa svarað eins og þeir telja æskileg svör en ekki í samræmi við sannleikann (e. *social desirability bias*). Slík hætta er alltaf fyrir hendi í könnunum sem þessum. Spurningalistinn var ekki þýddur á önnur tungumál, svo sem ensku eða pólsku og er það vissulega takmörkun þar sem verið getur að það hefði aukið þátttöku og þá vissulega styrkt niðurstöður. Reglubundin könnun á miðlanotkun barna á Íslandi er nauðsynleg til að hægt sé að greina breytingar yfir lengri tíma. Næst þegar könnun verður gerð er mikilvægt að koma á samstarfi við sveitarfélög fyrirfram og þýða spurningalistann á fleiri tungumál svo úrtakið endurspegli örugglega allt landið og hægt sé að yfirfæra niðurstöður í samræmi við það.

Frekari rannsókna er þörf á þessu sviði. Rannsaka þarf nánar mun á svörum eftir kyni, búsetu, félags- og efnahagsstöðu foreldra og hvort börnin eigi eldri eða yngri systkini. Þörf er á eigindlegum rannsóknum þar sem farið verður dýpra í viðhorf foreldra og barna til þess efnis sem verður á vegi þeirra í miðlanotkun í hversdagslífinu og reynslu þeirra af mismunandi aðkomu foreldra.

## Þakkir

Bestu þakkir fyrir samstarf og mikilvægan stuðning við rannsóknina fá Menntavísindastofnun Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, SAFT/Heimili og skóli, Kjartan Ólafsson, lektor við Háskólann á Akureyri, Lýðheilsusjóður, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Sænska fjölmiðlanefndin.

## Heimildir

American Academy of Pediatrics. (2016). Media and Young Minds. *Pediatrics*, 138(5), 1–8.

Brown, A., Shifrin, D., og Hill, D. (2015). Beyond “turn it off”: How to advise families on media use. *AAP News*, 36(10),.

Chassiakos, Y., Radesky, J., Christakis, D., Moreno, M. og Cross, C. (2016). Children and Adolescents and Digital Media. *Pediatrics*, 138(5), e1–e18.

Chaudron, S. (2015). Young Children (0–8) and Digital Technology. *A qualitative exploratory study across seven countries*. Luxembourg: European Commission, Joint Research Centre.

Christakis, D. (2014). Interactive Media Use at Younger Than the Age of 2 Years. Time to Rethink the American Academy of Pediatrics Guideline? *JAMA Pediatrics*, 168(5), 399–400.

- Eiríkur Rögnvaldsson. (2016). Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málpróunar. *Skírnir vor*, 17–31.
- Jóna Karen Sverrisdóttir, Ólafur Elínarson og Sarah Knappe. (2013). *Heimili og skóli. SAFT könnun á netnotkun barna og unglinga*. Reykjavík: Capacent Gallup.
- Kalmus, V., Blinka, L. og Kjartan Ólafsson. (2013). Does It Matter What Mama Says: Evaluating the Role of Parental Mediation in European Adolescents' Excessive Internet Use. *Children & Society*, 68(5), 48–52.
- Livingstone, S., Mascheroni, G. og Staksrud, E. (2015). *Developing a framework for researching children's online risks and opportunities in Europe*. London: Eu Kids Online. Sótt af <http://eprints.lse.ac.uk/64470/>
- Livingstone, S., Kjartan Ólafsson, Helsper, E., Lupiáñez-Villanueva, F., Veltri, G., og Folkvord, F. (2017). Maximizing Opportunities and Minimizing Risks for Children Online: The Role of Digital Skills in Emerging Strategies of Parental Mediation. *Journal of Communication*, 67(1), 82-105. doi:10.1111/jcom.12277
- Marsh, J., Plowman, L., Yamada-Rice, D., Bishop, J., Lahmar, J., Scott, F., . . . Winter, P. (2015). *Exploring Play and Creativity in Pre-Schoolers' Use of Apps: Final Project Report*. Sótt af: [http://www.techandplay.org/reports/TAP\\_Final\\_Report.pdf](http://www.techandplay.org/reports/TAP_Final_Report.pdf)
- Merchant, G. (2015). Keep taking the tablets: iPads, story apps and early literacy. *Australian Journal of Language and Literacy*, 38(1), 3–11.
- Nikken, P., og Schols, M. (2015). How and Why Parents Guide the Media Use of Young Children. *Journal of Child and Family Studies*, 24(11), 3423–3435.
- O'Connor, J. (2017). Under 3s and technology. Í L. Arnott (ritstjóri), *Digital technologies and learning in the early years* (bls.87 –98). Útgáfustaður: Sage.
- Steingerður Ólafsdóttir, Berg, C., Eiben, G., Lanfer, A., Reisch, L., Ahrens, W. o.fl. (2014). Young children's screen activities, sweet drink consumption and anthropometry: results from a prospective European study. *European Journal of Clinical Nutrition*, 68(2), 223–228.
- Steingerður Ólafsdóttir, Eiben, G., Prell, H., Hense, S., Lissner, L., Mårild, S., og Berg, C. (2014). Young children's screen habits are associated with consumption of sweetened beverages independently of parental norms. *International Journal of Public Health*, 59(1), 67–75.
- Radesky, J., Silverstein, M., Zuckerman, B., og Christakis, D. (2014). Infant self-regulation and early childhood media exposure. *Pediatrics*, 133(5), 1172–1178.
- Schramm, W., Lyle, J. og Parker, E. (1961). *Television in the lives of our children*. Stanford, CA: Stanford University.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2016, 18. ágúst). Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. Hugrás /Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Sótt af: <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaed-ingin-og-maltaka-islenskra-barna/>
- Sænska fjölmiðlanefndin [Statens medieråd]. (2010). *Smáungar & medier 2010*. Stokkhólmur. Statens medieråd.
- Sænska fjölmiðlanefndin [Statens medieråd]. (2013). *Smáungar & medier 2013*. Stokkhólmur. Statens medieråd.
- Sænska fjölmiðlanefndin [Statens medieråd]. (2015). *Smáungar & medier 2015*. Stokkhólmur. Statens medieråd.
- Sænska fjölmiðlanefndin [Statens medieråd]. (2017). *Smáungar & medier 2017*. Stokkhólmur. Statens medieråd.



Statistics Sweden. (2015). *Teknisk rapport: En beskrivning av genomförande och metoder: Ungar och medier 2014*. Stokkhólmur: Statistics Sweden.

Troseth, G., Russo, C., og Strouse, G. (2016). What's next for research on young children's interactive media? *Journal of Children and Media*, 10(1), 54–62.

Valkenburg, P., Taylor Piotrowski, J., Hermanns, J., og de Leeuw, R. (2013). Developing and Validating the Perceived Parental Media Mediation Scale: A Self-Determination Perspective. *Human Communication Research*, 39(4), 445–469.

Vittrup, B., Snider, S., Rose, K., og Rippy, J. (2016). Parental perceptions of the role of media and technology in their young children's lives. *Journal of Early Childhood Research*, 14(1), 43–54.

### Um höfund

Steingerður Ólafsdóttir (steingeo@hi.is) er lektor í áhrifaþáttum heilbrigðis við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi frá Gautaborgarháskóla árið 2014 en doktorsritgerðin bar heitið *Television and food in the lives of young children*. Steingerður stundar rannsóknir á heilsueflingu og heimilisfræði, matarumhverfi, skólamáltíðum, miðlanotkun og matarvenjum ungra barna og birtingu matar og drykkjar í barnaefni í sjónvarpi.

### Efnisorð

Miðlanotkun, snjalltæki, ung börn, netnotkun, foreldrar.

### About the author

Steingerður Ólafsdóttir (steingeo@hi.is) is assistant professor in the determinants of health at the University of Iceland, School of Education. She completed her PhD at the University of Gothenburg, Sweden, with the thesis *Television and food in the lives of young children*. Steingerður's research is within health promotion, home economics, food environment, school meals, young children's media use and food habits, and the appearances of food and beverages in children's television programmes. Key words.

### Key words

Media use, smartphones/tablets, young children, internet use, parents.



Steingerður Ólafsdóttir. (2017).

Smábörnin með snjalltækin. Aðgangur barnanna og viðhorf foreldra.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2017 – Menntavika 2017.

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2017/menntavika\\_2017/001.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2017/menntavika_2017/001.pdf)

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2017.13.2.1>